

arar á fullnægjandi hátt. Komi upp rökstuddur grunur um að hreindýrakjötið hafi verið selt á innanlandsmarkaði áður en tímafrestur skv. 8. gr. rennur út og greiðsla aðflutningsjalda hafi ekki farið fram, er ráðherra heimilt að afturkalla leyfið.

13. gr.

Refsing.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 130. gr. tollalaga, nr. 55/1987.

14. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 12. febrúar 2004.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bessastaðahreppi.

Skóla- og íþróttasvæði.

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps samþykkti þann 20. janúar 2004 breytingu á deiliskipulagi skóla- og íþróttasvæðis í Bessastaðahreppi. Breytingin felur í sér breytingar á byggingarreitum fyrir íþróttahúsið, skólabygginguna og við lausar kennslustofur vegna fyrirhugaðra stækkana, ásamt hækkun á sérgreinaálmu skólans um eina hæð.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Miðsvæðisreitir – innst við Miðskóga.

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps samþykkti þann 20. janúar 2004 breytingu á deiliskipulagi miðsvæðisreits í Bessastaðahreppi. Breytingin nær til fjögurra lóða innst við Miðskóga. Breytingin felst í að þrjár nyrðri lóðirnar innst við Miðskóga eru minnkaðar og færðar til. Norðan Tjarnarlands er skilgreint fornleifasvæði í samræmi við ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins. Þar er skilgreind lóð sem gerður er fyrirvari um að ekki verði heimilaðar framkvæmdir á fyrr en að fengnu leyfi Fornleifaverndar. Gerð er breyting á göngustígum á svæðinu.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Bessastaðahreppi, 6. febrúar 2004.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.